

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 52/98
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 67/97 frá 4. október 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/462/EB frá 27. júní 1997 um aðferð við staðfestingu á
samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er
varðar plötur unnar úr viði⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/463/EB frá 27. júní 1997 um aðferð við staðfestingu á
samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er
varðar plastfestingar til notkunar í steinsteypu og múrverk⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB frá 27. júní 1997 um aðferð við staðfestingu á
samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er
varðar fráveitubúnað⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 30, 5. 2. 1998, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 5, 5. 2. 1998, bls. 146.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 33.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/555/EB frá 14. júlí 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sement, byggingarkalk og önnur bindiefni sem harðna í vatni⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB frá 14. júlí 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar múreinangrunarkerfi á útveggi⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/638/EB frá 19. september 1997 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar fylgihluti fyrir smíðavið í burðarvirki⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **397 D 0462:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/462/EB frá 27. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 27),
- **397 D 0463:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/463/EB frá 27. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 31),
- **397 D 0464:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB frá 27. júní 1997 (Stjtið. EB nr. L 198, 25. 7. 1997, bls. 33),
- **397 D 0555:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/555/EB frá 14. júlí 1997 (Stjtið. EB nr. L 229, 20. 8. 1997, bls. 9),
- **397 D 0556:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB frá 14. júlí 1997 (Stjtið. EB nr. L 229, 20. 8. 1997, bls. 14),
- **397 D 0638:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/638/EB frá 19. september 1997 (Stjtið. EB nr. L 268, 1. 10. 1997, bls. 36).“.

2. gr.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 229, 20. 8. 1997, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 229, 20. 8. 1997, bls. 14.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 1. 10. 1997, bls. 36.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/462/EB, 97/463/EB, 97/464/EB, 97/555/EB, 97/556/EB og 97/638/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner